

AUGLÝSING

um deiliskipulag 1,2 ha spildu úr landi Óskots fyrir 2 frístundahús, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag 1,2 ha spildu úr landi Óskots fyrir 2 frístundahús, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 21. maí 2003.

Skipulagstillagan tekur til spildu, þjóðskránr. 9500-0020, úr landi Óskots, suðaustan við Hafravatn, alls 1,2 ha. Spildunni verður skipt í tvær lóðir fyrir frístundahús og verður heimilt að reisa eitt hús á hvorri lóð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 10. júní 2003.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.